



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 38/2010

Ágreiningsmál um staðsetningu bréfabakka við [X]¹, 110 Reykjavík

I.

Erindið

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) barst kvörtun, dags. 6. september 2010, frá lögmanni íbúa að [X]², 110 Reykjavík, þar sem kvartað var yfir að pósthúsi hafi verið hætt til íbúa hússins.

II.

Málsmeðferð

1.

Í kvörtuninni segir m.a. að lagaskylda hvíli á Íslandspósti að bera út póst til íbúa að [X]³ í bréfalúgur sem staðsettar séu við útidyrarhurð hvernar íbúðar og vísað er til ákvæðis 4. mgr. 31. gr. laga nr. 19/2002. Segir að Íslandspóstur hafi vísað í ákvörðun PFS nr. 16/2010 um staðsetningu bréfabakka fyrir [Y]⁴ til stuðnings þeirri ákvörðun að hætta útburði pósts. Við skoðun á þeirri ákvörðun komi í ljós að stofnunin styðjist við umsögn/álit byggingarfulltrúa á því hvað teljist til sameiginlegs inngangs.

Þá segir í kvörtuninni:

„Í byggingareglugerð nr. 441/1998 eru skilgreiningar og orðskýringar í 4. gr. hennar. Þar er hvergi minnst einu orði á hvað teljist til sameiginlegs inngangs og hvað teljist sem sérinngangur. Álitafnið er því lögfræðilegs eðlis. Við lauslega skoðun verður ekki séð að

¹ Fellt út vegna trúnaðar.

² Fellt út vegna trúnaðar.

³ Fellt út vegna trúnaðar.

⁴ Fellt út vegna trúnaðar.

við embætti byggingarfulltrúans í Reykjavík starfi lögfræðingur eða lögmaður. Þar starfa hins vegar tækni- og verkfræðingar ásamt húasmíðameistara og arkitekt. Því er skilningur Íslandspóstis, sem byggður er á ofangreindri ákvörðun PFS, hvað sé sameiginlegur inngangur og fram kemur í gr. 80.2 í byggingareglugerð nr. 441/1998 ásamt síðari breytingum hafnað.

Þá er kveðið á um það í 2. gr. reglugerðar nr. 364/2003, sem sett er með stoð í lögum nr. 19/2002, að tryggja skuli landsmönnum án mismununar, greiðan aðgang að pósthjónustu, t.d. hvað varðar útburð. Í 5. mgr. sömu reglugerðar er kveðið á um útburð einu sinni á dag alla virka daga nema kringumstæður og landfræðilegar aðstæður hindri slíkt s.s. 10. gr. reglugerðarinnar kemur inn á. Þá kemur einnig fram í 16. gr. sömu reglugerðar, að eigi viðtakandi póstsendingar rétt á því að setja bréfkassa við hús sitt eða í húsi sínu, er honum jafnframt heimilt að koma fyrir bréfrifu. Valið er því hjá viðtakanda.

Svo háttar til í [X]⁵ að öllum póstburði hefur verið hætt, bæði í þær íbúðir sem eru á jarðhæð en einnig þær íbúðir sem eru á efri hæðum hússins. Er ekki annað að sjá en að Íslandspóstur sé að brjóta skyldur sínar gagnvart íbúum að [X].⁶ Að [X]⁷ þarf að ganga upp stiga til þess að komast að íbúðum á 2-4 hæð hússins. Á þeirri leið er ekki farið um einar einustu dyr, enda hver íbúð með sérinngang og bréfalúgu við hlið útidyráhurðar. Sé hinn rangi skilningur Íslandspóstis lagður til grundvallar nægir að standa í sameiginlegu rými (sameign allra) svo að setja verði upp póstkassa á grundvelli þess að um sameiginlegan inngang sé að ræða. Þar sem löggjafinn og framkvæmdarvaldið hefur látið hjá líða að útskýra nánar hvað fyrir þeim hefur vakið við setningu skipulags- og byggingarlaga sem og við setningu byggingareglugerðar nr. 441/1998, verður því að túlka orðasambandið „sameiginlegur inngangur.“ Hvergi er komið að því í lögnum, né reglugerðinni að túlka skuli texta hennar rúmt. Orðið inngangur vísar því til þess að þegar þangað er komið hefur viðkomandi gengið inn, þ.e. þar eru bæði loft og veggir sem verja viðkomandi fyrir veðrum og vindum, ásamt því að hurð þarf að vera til staðar sem gengið er í gegnum. Í fjölmörgum fjöleignarhúsum er inngangi háttað á ofangreindan veg, en ekki í [X].⁸ Þar ganga íbúar inn um eina hurð á leið sinni frá bílastæðinu og inn í sína séreign. Hurðin sem um ræðir er þeirra séreign, enda útidyráhurð á hverri íbúð. Sameiginlegur stigagangur og sameiginlegur inngangur er sitthvor hluturinn s.s. sjá má í 13. tl. a-liðar 41. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994 með síðari breytingum og komið verður inn á síðar.“

Í kvörtuninni segir að í öðru lagi hafi embætti byggingarfulltrúans í Reykjavík nú þegar framkvæmt lokaúttekt á [X],⁹ en slík úttekt hafi farið fram þann 21. janúar s.l.

Í þriðja lagi hafi Íslandspóstur borið út póst í húsið, án athugasemda, frá árinu 2005 til 30.04.2010, eða í um fimm ár.

⁵ Fellt út vegna trúnaðar.

⁶ Fellt út vegna trúnaðar.

⁷ Fellt út vegna trúnaðar.

⁸ Fellt út vegna trúnaðar.

⁹ Fellt út vegna trúnaðar.

Í fjórða lagi sé til nýlegur stjórnsluúrskurður um hvað sé sameiginlegur inngangur og hvað ekki í húsum sem falli undir lög nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Úrskurðurinn sé nr. 3/2010 og þar sé fjallað um fjöleignarhús þar sem stigagangur sé opinn líkt og hátti til í [X].¹⁰

Í fimmta lagi séu stigagangar opnir fyrir veðri og vindum og því sé á engan hátt hægt að ræða um lokað rými.

Í sjötta lagi hugnist íbúum illa að setja upp bréfabassasamstæðu við jarðhæð þar sem rýmið sé opið hverjum sem vilji og því sé auðvelt fyrir óprúttna aðila að fylgjast með því hverjir séu heima og hverjir ekki. Þá myndi slík bréfabassasamstæða ekki þjóna tilgangi sínum þar sem póstur yrði blautur og ónýtur þegar svo viðri til. Ekkert skjól sé fyrir bréfabassasamstæðu enda sé ekki gert ráð fyrir henni á teikningum hússins, líkt og byggingarfulltrúinn í Reykjavík hafi staðfest.

Þá segi að af öllu ofangreindu sé því ljóst að orðalag ákvæðis 80.2 byggingareglugerðar nr. 441/1998, sem kveður á um að þar sem fleiri en þrjár íbúðir hafi sameiginlegan stigagang skuli húseignendur setja upp bréfabassasamstæður, nái ekki til þeirra aðstæðna sem séu í [X].¹¹ Því beri Íslandspósti að hefja útburð til íbúa tafarlaust líkt og lög geri ráð fyrir.

Að lokum er þess óskað að PFS fái lögfræðilega skilgreiningu á því hvað sé sameiginlegur inngangur og hvað sé sérinngangur. Túlkun starfsmanna byggingarfulltrúans í Reykjavík nægi ekki.

2.

Með bréfi PFS til lögmanns íbúa, dags. 21. september 2010, var gerð grein fyrir afstöðu stofnunarinnar til þeirra álitafna sem fram komu í kvörtuninni og liggur hún til grundvallar niðurstöðu ákvörðunarinnar. Engar athugasemdir bárust frá íbúum vegna bréfs PFS en frestur til þessa var veittur til 1. október sl.

III.

Forsendur og niðurstaða

1.

Almennt

Líkt og fram kom í bréfi PFS til lögmanns íbúa, dags. 21. september 2010, telur PFS að við úrlausn málsins verði að líta til ákvörðunar PFS nr. 16/2010 um staðsetningu bréfabassa fyrir [Y],¹² líkt og Íslandspóstur hefur bent á við rekstur málsins, þar sem um afar sambærilegar aðstæður er að ræða. Í tilvitnaðri ákvörðun lagði stofnunin til grundvallar umsögn

¹⁰ Fellt út vegna trúnaðar.

¹¹ Fellt út vegna trúnaðar.

¹² Fellt út vegna trúnaðar.

byggingarfulltrúans í Reykjavík varðandi túlkun á ákvæði 80.2 í byggingareglugerð nr. 441/1998, með síðari breytingum og taldi að staðsetning bréfabakassa fyrir íbúa fjölbýlishússins skyldi vera í hinu opna stigaráymi sem samtengt er og notað er sem stigagangur upp í íbúðir á 2. og 3. hæð. Ákvörðun þessi hefur verið staðfest með úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 5/2010.

Í ákvörðun nefndarinnar er bent á að ákvörðun PFS byggi á umsögn byggingarfulltrúa sem telur umrætt fjöleignarhús ekki uppfylla fyrrnefnt ákvæði byggingareglugerðar hvað varðaði bréfabakassa. Í umsögn byggingarfulltrúa komi fram að þar sem fleiri en þrjár íbúðir hússins hafi aðgengi um hvert stigahús eigi bréfabakassar að vera staðsettir á jarðhæð í hverju stigahúsi.

2.

Um valdmörk

Í úrskurði nefndarinnar segir ennfremur um valdmörk á milli PFS og embættis byggingarfulltrúans í Reykjavík:

„Hin kærða ákvörðun er sem fyrr segir byggð á túlkun byggingarfulltrúa á umræddu ákvæði byggingareglugerðar. Úrskurðarnefnd tekur undir með PFS að það sé ekki á valdsviði PFS, né heldur úrskurðarnefndar, að túlka eða skýra ákvæði byggingareglugerðar og meta hvort einstök hús uppfylli ákvæði hennar eða ekki.“

Með vísun til ofangreinds orðalags í úrskurði nefndarinnar hyggst PFS ekki kalla eftir „lögfræðilegri skilgreiningu“ á því hvað sé sameiginlegur inngangur og/eða hvað sé sérinngangur eins og farið er fram á í kvörtuninni, enda liggur nú þegar fyrir umsögn þar til bærs aðila um hvernig embætti byggingarfulltrúans í Reykjavík túlkar umrætt ákvæði byggingareglugerðarinnar.

Þá bendir úrskurðarnefnd á, rétt eins og PFS gerði í sinni ákvörðun, að hugsanlegt sé að bera álit byggingarfulltrúans í Reykjavík undir úrskurðarnefnd skipulags- og byggingamála, sbr. ákvæði laga um skipulags- og byggingarmál nr. 73/1997. Samkvæmt þessu verður að álíta að kvartandi geti snúið sér til byggingarfulltrúans í Reykjavík varðandi úrlausn þess álitaefnis hvort aðstæður séu með þeim hætti að staðsetning bréfabakassa sé ekki í samræmi við ákvæði byggingareglugerðar að [X].¹³

Samkvæmt ofangreindu telur PFS að hliðstætt ágreiningsefni hafi þegar komið til meðferðar og úrlausnar hjá PFS sem og Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Ekki verður séð að lýsing á staðháttum að [X],¹⁴ sé svo frábrugðin þeim aðstæðum sem voru við fjölbýlishúsið að [Y]¹⁵ að ekki sé hægt að styðjast við umsögn byggingarfulltrúans í Reykjavík um túlkun á grein 80.2 í byggingareglugerð, sbr. ákvörðun PFS nr. 16/2010 og úrskurð Úrskurðarnefndar um fjarskipta- og póstmál. Í umsögninni kom eftirfarandi m.a. fram:

¹³ Fellt út vegna trúnaðar.

¹⁴ Fellt út vegna trúnaðar.

¹⁵ Fellt út vegna trúnaðar.

„Telur embætti byggingarfulltrúa að þar sem fleiri en þrjár íbúðir hafi aðgengi um hvert stigahús eigi póstkassar að vera staðsettir á jarðhæð í hverju stigahúsi, sbr. ákvæði gr. 80.2 í byggingareglugerð nr. 441/1998 m.s. breytingum. Þetta gildir jafnframt fyrir þær íbúðir sem á jarðhæð eru.“

3.

Krafa um að póstuþburður verði tafarlaust hafinn til íbúa að [X].¹⁶

Meðfylgjandi kvörtun íbúa er tilkynning Íslandspósts, dags. 26. apríl 2010, þar segir:

„Það tilkynnist hér með að útburði verði hætt frá og með 30. apríl nk.. Ástæða þess er að ekki hefur verið brugðist við bréfum sem voru send 26. janúar og 7. apríl sl. Í þeim bréfum kom fram beiðni til íbúa [X]¹⁷ að kynna sér meðfylgjandi greinar úr byggingareglugerð og lögum um pósthjónustu og bregðist við þeim innan þriggja mánaða. Þar sem sá tími er runnin út að þá verðum við að bregðast við því skv. 31. grein í lögum um pósthjónustu.“

Samkvæmt 4. mgr. 31. gr. laga um pósthjónustu er póstrekingum heimilt að endursenda póstsendingar ef bréfarifur eða bréfabassar viðtakanda eru ekki í samræmi við ákvæði byggingareglugerðar. Í málinu liggur fyrir að Íslandspóstur hafi ákveðið að stöðva útburð á póstsendingum til íbúa en í stað þess er íbúum boðið að sækja póstinn að pósthúsinu að Hraunbæ 119. Ástæða þess er sú að Íslandspóstur telur að íbúum beri að setja upp bréfabassa í samræmi við ákvæði byggingareglugerðar. Eins og áður sagði er Íslandspósti heimilt að endursenda póstsendingar ef bréfabassar eru ekki í samræmi við ákvæði byggingareglugerðar. Í stað þess að endursenda póstsendingar ákvað Íslandspóstur að bjóða upp á þann möguleika að íbúar geti sótt sinn póst sjálfir á það pósthús sem þjónar viðkomandi hverfi. Að mati PFS er hér um viðurhlutaminni aðgerð að ræða fyrir móttakendur heldur en ef Íslandspóstur hefði ákveðið að endursenda allar póstsendingar til sendanda eins og heimilt er samkvæmt ákvæðinu. Telja verður því að þessi tilhögun hafi stoð í umræddu ákvæði laga um pósthjónustu.

Með vísun til alls ofangreinds hyggst PFS staðfesta ákvörðun Íslandspósts um að hætta að bera út póstsendingar til íbúa að [X].¹⁸

Kröfu íbúa um að PFS komi með lögfræðilega skilgreiningu á því hvað sé sameiginlegur inngangur og hvað sé sérinngangur er vísað frá þar sem álitaeftnið fellur ekki undir ákvæði þeirra laga sem heyra undir stofnunina, sbr. 1. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu sbr. og 1. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

¹⁶ Fellt út vegna trúnaðar.

¹⁷ Fellt út vegna trúnaðar.

¹⁸ Fellt út vegna trúnaðar.

Ákvörðunarorð

Póst- og fjarskiptastofnun staðfestir að Íslandspósti sé heimilt að hætta að bera út póstsendingar til íbúa að [X],¹⁹ 110 Reykjavík.

Kröfu íbúa um að PFS komi með lögfræðilega skilgreiningu á því hvað sé sameiginlegur inngangur og hvað sé sérinngangur er vísað frá þar sem álitafnið fellur ekki undir valdsvið stofnunarinnar, sbr. 1. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu sbr. og 1. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 22. nóvember 2010

Hrafnkell V. Gíslason

Margrét Gunnarsdóttir

¹⁹ Fellt út vegna trúnaðar.